



Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar  
Norðurhella 2,  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 09.03.22

### **Efni: Umsögn Veitna vegna deiliskipulags við Hamranes 27B.**

Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar auglýsir deiliskipulag fyrir Hamranes 27B. Tillagan gerir ráð fyrir að reisa tvö fimm hæða fjölbýlishús með 50 íbúðum ásamt reit fyrir einnar hæðar 30 m<sup>2</sup> smáhýsi fyrir íbúa. Á jarðhæð sem snýr að Hringhamri er heimilt að vera með verslun og þjónustu.

Hafnarfjarðarbær óskaði eftir því við Veitur að lagnir við Hringhamar yrðu hannaðar fyrir áfanga 2 við Hamranes. Samkvæmt nýju deiliskipulagi lenda lagnir Veitna á milli djúpgáma og bílakjallara við Hamranes 27B. Verkið er í fullum gangi og undirbúningur lagningar hitaveitu. Ekki fæst séð að hægt sé að grafa fyrir kjallara og djúpgámum þegar lagnir verða komnar á sinn stað. Ef breyta þarf hönnun mun Hafnarfjarðarbær bera kostnað sem af því hlýst.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að unnið sé í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir